

# Nýtum betur og sóum minna

## Matarsóun

Matarsóun veldur óþarfa losun gróðurhúsalofttegunda, sóun á auðlindum og er kostnaðarsöm. Við ættum að:



Fara yfir birgðir áður en við pöntum vörur.



Ákvarða fjölda gesta nákvæmlega með fyrirfram skráningu.



Kaupa inn vörur eftir þörfum hverju sinni.



Tryggja að matvæli séu meðhöndluð, geymd og kæld með réttum hætti.



Sjá til þess að matvæli séu notuð áður en þau renna út.



Skammta minna á diska og/eða nota smærri diska.



Þjóða fólki að fá sér ábót frekar en að afgangur endi í rusli.



Mæla hversu mikill matur fer til spillis í eldhúsi og matsal.

## Umbúðir

Umbúðir geta aukið matvælaöryggi og bætt geymsluþol en þær hafa líka neikvæð umhverfisáhrif. Við ættum að:



Forðast óþarfa einnota umbúðir við innkaup.



Biðja birgja að afhenda vörur í fjölnota umbúðum sem hægt er að skila.



Nota margnota borðbúnað við framreiðslu.



Forðast að kaupa vörur í einstaklingspakkningum, s.s. kaffihylki og litlar smjördollur.



Velja fjölnota umbúðir þegar mögulegt er, bæði í innkaupum og við geymslu matvæla.



Mæla og greina umbúðamagn sem fellur til í eldhúsi og matsal.



Nota umhverfisvottaðar umbúðir þegar hægt er og ávallt umbúðir sem ætlaðar eru matvælum.



Virkja sköpunarkraftinn og reyna sífellt að koma auga á tækifæri til endurnotkunar.

Markmið okkar er að minnka úrgang eins og mögulegt er. Þegar það fellur til úrgangur er mikilvægt að koma honum í réttan farveg. Einnota umbúðir skulu flokkaðar og komið í endurvinnslu og munum að lífrænn úrgangur á ekki heima með almennum úrgangi.